



**Sunddeild Skallagríms**  
**Ársskýrsla 2023**

## Ársskýrsla stjórnar

### VORÖNN (febrúar - maí)

Sundnámskeið fyrir fullorðna, fjögurra vikna námskeið haldin bak í bak. Um það bil 14 þátttakendur voru skráð, flest allt tímabilið (feb-maí) en sum tóku 4 eða 8 vikur. Þjálfari: Arnheiður Hjörleifsdóttir

### Maí

Sunddeild Skallagríms átti fimm fulltrúa á Íslandsmeistaramóti garpa sem fram fór í Kópavogslaug.

Aðalfundur og ný stjórn kosin. Formaður: Heiðrún Helga Bjarnadóttir, varaformaður: Bergþóra Þórsdóttir, ritari: Eiríkur Þór Theodórsson, gjaldkeri: Jón Snorri Bergsson, meðstjórnendur: Soffía Anna Sveinsdóttir og Inga Birna Ólafsdóttir.

### SUMAR 2023

Verkfallið skall á þann 4. júní, svo Íþróttamiðstöðin lokaði. (vonandi ekki álög á sunddeildinni - nú þegar heimsfaraldur er hjá, sem og framkvæmdir við laugina). → Verkfallið lauk 10. júní svo þetta varð sem betur fer ekki langvarandi ástand ;)

Auglýst eftir sundþjálfara - lítil, sem engin viðbrögð

Engar skipulagðar æfingar en öflugur hópur garpa hittist reglulega og synti.

Sunddeild Skallagríms átti fulltrúa í Fossvogssundi.

Sunddeild Skallagríms átti fulltrúa á Landsmóti UMFÍ 50+ í Stykkishólmi

### HAUSTÖNN (september - desember) 2023

Sunddeild Skallagríms átti fulltrúa á Norðurlandameistaramóti, sem haldið var í Kaupmannahöfn í september.

Stjórn sunddeildar fundaði með Kjell Wormdal, yfirþjálfara ÍA sem ætlaði að aðstoða eða hafa augun opin fyrir þjálfara fyrir börn og unglinga í bænum. Það hefur ekki skilað árangri, því miður. En rætt var um grundvöll fyrir samstarfi sem vonandi á eftir að þróast með tíð og tíma.

Á haustönn var boðið upp á garpa sundæfingar (17 iðkendur skráðir) Æft var á fimmtudögum kl 17:00 - 18:00 með þjálfara og á þriðjudögum kl 17:00 - 18:00 án þjálfara. Þjálfari: Arnheiður

Hjörleifsdóttir Verð fyrir námskeiðið: 24.000. Innifalin voru æfingagjöld, aðgangur að sundlaug utan æfingátíma og SSÍ gjöld. 15 voru skráð á þetta námskeið.

### **Skriðsundsnámskeið fyrir fullorðna byrjendur**

Einnig var boðið upp á 8 vikna skriðsundsnámskeið fyrir fullorðna byrjendur. Kennt var á fimmtudögum milli 18:00 og 18:45 í alls 8 skipti. Námskeiðið var ætlað fyrir fólk sem vildi öðlast grunnfærni í skriðsundi til að geta nýtt sér sund sem almenna heilsueflingu. Áhersla á rétta tækni, öndun, líkamslegu og samhæfingu. Þjálfari var Arnheiður Hjörleifsdóttir. Verð: 16.000. 12 voru skráð á þetta námskeið. Svo mikill áhugi var á skriðsundsnámskeiðinu að samið var um framlengingu.

**Nóvember:** Sunddeild Skallagríms tók þátt í landsátakinu SYNDUM og synti samtals 212,66 km.

Síðasta sundæfing fyrir jól var fimmtudaginn 7. desember. Eftir æfinguna fóru öll saman á Bara bar og borðuðu saman fish and chips! 20% afsláttur af mat og drykk fyrir sundgarpa! Þökkum við Bara bar fyrir velvilja í garð sunddeildar, bæði varðandi fundaraðstöðu og fríðindi sem þessi.

Við þökkum þeim Arnheiði og Sólrúnu höllu fyrir þeirra dýrmæta framlag í þágu sundíþróttarinnar. Einnig þökkum við aðstoð frá UMSB við ýmis praktísk mál, þjónustulund starfsfólks íþróttamiðstöðvar og allra þeirra sem vinna í sjálfböðavinnu við að halda þessari litlu deild gangandi. Nú og iðkendum - án þeirra væri engin sunddeild. Lengi lifi sundið sem bætir, hressir og kætir!

F.h. stjórnar sunddeildar Skallagríms,  
Heiðrún Helga Bjarnadóttir  
Formaður

Ársreikningur 2023  
Sunddeild UMF Skallagríms

310 Borgarnesi  
590593-2819

Stjórn Sunddeildar UMF Skallagríms samþykkir ársreikning þennan með undirritun sinni.

Borgarnesi, 7. mars 2024

Undirritun stjórnar:

HBjarnadóttir Back

Jón J. Guðni Bergsson

Bergþóra Þórsdóttir

SOFFÍA ANNA SVEINSDÓTTIR

Ólafur Þór Theodorsson

## Rekstrarreikningur

	<u>2023</u>	<u>2022</u>
<b>Tekjur</b>		
Tekjur af æfingagjöldum	916.598	696.925
Aðrar tekjur	1.1 197.844	229.500
Tekjur alls	1.114.442	926.425
<b>Gjöld</b>		
Laun til verktaka	581.000	565.000
Önnur gjöld	1.2 421.964	244.273
Gjöld alls	1.002.964	809.273
<b>Hagnaður fyrir fjármagnsliði</b>	<b>111.478</b>	<b>117.152</b>
Fjármagnstekjur	9.611	456
Fjármagnsgjöld	15.030	6.531
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>106.059</b>	<b>111.077</b>

## Efnahagsreikningur

	<u>2023</u>	<u>2022</u>
<b>Eignir</b>		
Bankainnistæða	1.007.652	241.693
Eignir alls	1.007.652	241.693
<b>Skuldir</b>		
Viðskiptaskuldir	659.900	0
Skuldir alls	659.900	0
<b>Eigið fé</b>		
Óráðstafað eigið fé	1.3 347.752	241.693
Eigið fé alls	347.752	241.693
Eigið fé og skuldir alls	1.007.652	241.693

## Sundurliðun

1.1 – Aðrar tekjur	2023	2022
Fjáröflun	0	115.500
Tekjur v. móta	0	12.000
Lottótekjur	0	102.000
Ofgreiddur kostnaður frá fyrri árum	197.844	0
Aðrar tekjur alls	197.844	229.500
1.2 – Önnur gjöld		
Námskeið og endurmenntun þjálfara	49.900	0
Sambandsgjöld	0	56.581
Mótagjöld	19.600	21.400
Fjáröflunarkostnaður	0	76.700
Lokahóf	0	83.342
Þjónustugjöld	348.764	0
Fundakostnaður	0	6.250
Annar kostnaður	3.700	0
Önnur gjöld alls	421.964	244.273
1.3 – Óráðstafað eigið fé		
Óráðstafað eigið fé 31.12.2021	241.693	130.616
Hagnaður ársins	106.059	111.077
Óráðstafað eigið fé 31.12.2022	347.752	241.693